

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 622/2003****2006/EES/58/41****frá 4. apríl 2003****um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

**Skilgreiningar**með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

— „Innlend flugverndaráætlun í almenningssflugi“: reglur, starfsvenjur og málsmeðferð sem aðildarríkin samþykkja skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að tryggja flugvernd í almenningssflugi á yfirráðasvæði sínu.

1) Framkvæmdastjórninni ber að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð er best til þess fallin.

— „Viðeigandi yfirvald“: innlent yfirvald sem aðildarríki tilnefnir skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að bera ábyrgð á samræmingu á og eftirliti með framkvæmd flugverndaráætlunar þess ríkis í almenningssflugi.

2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega.

3. gr.

**Trúnaðarkvöð**

3) Í þessu skyni er nauðsynlegt að heimila að gerður sé greinarmunur á flugvöllum með hliðsjón af mati á staðbundinni áhættu. Því ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um þá flugvelli sem taldir eru vera í lítilli hættu.

Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. gr., eru settar fram í viðaukanum.

4) Heimila ber einnig að beita megi mismunandi framkvæmdaráðstöfunum eftir því um hvers konar flugstarfsemi er að ræða. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um það ef öðrum ráðstöfunum er beitt til að tryggja jafngilda flugvernd.

Ráðstafanirnar skulu vera leynilegar og ekki birtar opinberlega. Einungis þeir sem til þess hafa tilskilið umboð aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skulu hafa aðgang að þeim.

4. gr.

**Tilkynning**

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um þá flugvelli þar sem þau hafa nýtt sér kostinn sem heimilaður er skv. a- eða c-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

5. gr.

**Markmið**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til framfylgjar og tæknilegrar aðlögunar sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, sem taka ber upp í innlendar flugverndaráætlanir í almenningssflugi.

**Aðrar ráðstafanir**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um aðrar ráðstafanir sem beitt er í samræmi við lið 4.2 í viðauka við reglugerð (EB) 2320/2002.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 19. apríl 2003.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 162.<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti.*

---

*VIÐAUKI*

**ÍTARLEGAR FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR**

Í samræmi við 3. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

---